

Lífeyrissjóður verzlunarmanna

2. Deildaskipting

LV skiptist í tvær deildir:

- **A-deild**, sem er sameignardeild. Í A-deild greiðast lögboðin eða samningsbundin iðgjöld, sbr. gr. 10.1. og 10.2. í samþykktum sjóðsins.
- **B-deild**, sem er séreignardeild. Í B-deild greiðast viðbótariðgjöld, sbr. gr. 10.3. í samþykktum sjóðsins. Séreignardeildin býður upp á tvær ávöxtunarleiðir:

Leið 1, verðbréfaeið, fylgir sömu fjárfestingarstefnu og A-deild, sameignardeild. Sérstök viðmið um lausafjárhlutfall, laust fé og auðseljanleg verðbréf er að lágmarki 25%.

Leið 2, innlánsleið, er ávöxtuð í innlánum viðskiptabanka og sparisjóða með áherslu á verðtryggð innlán.

Leið 1, verðbréfaeið: Í október 2010 námu heildareignir kr. 5.836 milljónum. Þar af áttu sjóðfélagar yngri en 40 ára 22% af heildareign, sjóðfélagar á aldrinum 40 til 49 ára áttu 28%, sjóðfélagar á aldrinum 50 til 59 ára 33% og sjóðfélagar 60 ára og eldri 17% af heildareignum.

Séreignariðgjöld til verðbréfaeiðar námu 495 milljónum árið 2009 en iðgjöld ársins 2010 eru áætluð um 500 milljónir.

Tímabundin lagaheimild til útgreiðslu lífeyrissparnaðar jók útflæði úr verðbréfaeið á árinu 2009. Þannig námu lífeyrisgreiðslur 985 milljónum á árinu 2009 en lífeyrisgreiðslur ársins 2010 eru áætlaðar um 460 milljónir.

Eignasamsetning Leiðar 1 endurspeglar eignasamsetningu sameignardeildar.

Leið 2, innlánsleið: Í október 2010 námu heildareignir í innlánsleið kr. 313 milljónum. Þar af áttu sjóðfélagar yngri en 40 ára 2% af eign, sjóðfélagar á aldrinum 40 til 49 ára 13%, sjóðfélagar á aldrinum 50 til 59 ára 32% og sjóðfélagar 60 ára og eldri 53% af heildareignum.

Iðgjöld í innlánsleið eru áætlaðar 32 milljónir á árinu 2010 og lífeyrisgreiðslur eru áætlaðar 20 milljónir.

Eignir Leiðar 2 er að fullu ávaxtaðar í innlánnum hjá bönkum og sparisjóðum með áherslu á verðtryggð innlán.

Útgreiðslur úr leið 1 og leið 2.

Væntar útgreiðslur á árinu 2011 ráðast einkum af aldri sjóðfélaga en heimilt er að taka eign í séreignardeild út frá 60 ára aldri. Einnig er heimilt að taka eign út við fráfall sjóðfélaga sem og við örorku ef orkutap er umfram 50%. Þá hefur tímabundin lagaheimild til úttektar séreignasparnaðar áhrif til aukinna útgreiðslna.

Sjóðfélögum er heimilt að flytja eign sína til annars vörsluaðila lífeyrissparnaðar. Möguleg áhætta vegna þessa fyrir leið 1 er fyrir hendi en takmarkast af sterkri lausafjástöðu og takmörkuðu umfangi leiðarinnar. Leið 2 er alfarið ávöxtuð í innlánnum og er áhætta vegna flutninga takmörkuð.

Lífeyrissjóður verzlunarmanna

c) Viðmið um eignaskiptingu

Ráðstöfun fjármagns og eignastýring á verðbréfasafni sjóðsins skal byggjast á tegundaflokkun innlána og verðbréfa sbr. 36. gr. laga nr. 129/1997, með síðari breytingum. Skal eftirfarandi viðmið notuð um skiptingu eigna þannig að vægi einstaka verðbréfaflokka geti að hámarki numið:

Eignaflokkur	Hámark %
1. Innlán í bönkum og sparisjóðum	15
2. Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	50
3. Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	5
4. Skuldabréf og vixlar banka, sparisjóða og annarra lánastofnana	20
5. Fasteignaveðtryggð skuldabréf	25
6. Hlutabréf	60
7. Önnur verðbréf	15

Skýringar:

- Innlán í bönkum og sparisjóðum.** Innlán banka og sparisjóða skulu alla jafna vera undir 15% af eignum.
- Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs.** Í vixlum og skuldabréfum útgefnum af ríkissjóði eða með ábyrgð ríkissjóðs, s.s. spariskírteini ríkissjóðs, ríkisbréf og íbúðabréf.
- Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga.** Í skuldabréfum og vixlum útgefnum af sveitarfélögum með trausta rekstrar- og fjárhagsstöðu eða með ábyrgð þeirra. Verðbréf þessi skulu að jafnaði hafa skráð kaup- og sölugengi á skipulegum markaði.
- Skuldabréf og vixlar banka, sparisjóða og annarra lánastofnana.** Í skuldabréfum og vixlum útgefnum af bönkum og sparisjóðum, fjárfestingarbönkum og öðrum lánastofnunum, enda hafi þessar stofnanir trausta eiginfjárstöðu og starfi samkvæmt sérstökum lögum eða séu undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Verðbréf samkvæmt þessum flokki skulu hafa skráð kaup- og sölugengi á skipulegum markaði.
- Fasteignaveðtryggð skuldabréf.** Í skuldabréfum tryggðum með veði í fasteignum, þ.m.t. sjóðfélagalán. Áhvilandi uppreiknaðar veðskuldir að viðbættu nýju láni frá sjóðnum, mega ekki fara umfram 75% af metnu markaðsverði viðkomandi eignar sem löggiltur fasteignasali eða annar sérfróður aðili tilnefndur af sjóðnum framkvæmir. Þegar um sérhæft atvinnuhúsnæði er að ræða þá skal hámarkið vera 35% af metnu markaðsverði. Veðandlög eru því bæði íbúðarhúsnæði, heilsársbústaðir (lánstími takmarkaður við 15 ár og fjárhæðir við 3 milljónir), lögbýli og atvinnuhúsnæði með þeim takmörkunum sem að ofan greinir.
- Hlutabréf.** Í hlutabréfum innlendra fyrirtækja og innlendum samlags- hlutafélögum. Erlend hlutabréf og hlutdeildarskírteini í hlutabréfasjóðum skulu að hámarki nema 50% af eignum. Eignarhluti sjóðsins í einstökum hlutafélögum takmarkast við 15%, þó getur eignarhlutur í innlendum samlagshlutafélögum numið allt að 20%, sbr. gildandi bráðabirgðaákvæði í l. 129/1997, með síðari breytingum. Eignist sjóðurinn hlut í fyrirtæki sem eingöngu sinnir þjónustuverkefnum fyrir lífeyrissjóðinn skal slík eignaraðild takmarkast við 25%.